



SKÝRSLA STJÓRNAR

NPA MIÐSTÖÐVARINNAR SVF.

Starfstímabilið 2. júní 2019 til 16. júní 2020

Skýrsla lögð fram á aðalfundi
NPA miðstöðvarinnar
16. júní 2020



EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT STARFSTÍMABILS.....	2
1.1	Starfsleyfi	2
1.2	Fjölgun starfsfólks skrifstofunnar	2
1.3	NPA miðstöðin flytur í nýtt húsnæði	3
1.4	Endurhönnun NPA miðstöðvarinnar.....	4
1.5	Nýjar kerfislausnir.....	6
1.5.1	Nýtt vakta- og tímaskráningarforrit - Tímon	6
1.5.2	Nýtt þjónustukerfi - Salesforce.....	6
1.6	Þátttaka í erlendu samstarfi	7
1.6.1	Freedom Drive 2019.....	7
1.6.2	Norðurlandaferð NPA miðstöðvarinnar	8
1.7	Ný verkstjórnendahandbók NPA miðstöðvarinnar	11
1.8	Kórónaveirufaralaldurinn	12
1.9	Tíu ára afmæli NPA miðstöðvarinnar	13
1.10	Kynningarstarf og fjölmiðlar.....	13
1.11	Fræðsla	14
1.12	Barátta fyrir réttindum NPA notenda og réttum jafnaðartaxta	14
1.13	Kjaraviðræður við Eflingu.....	15
1.14	Vinnan framundan.....	15
2	NPA MIÐSTÖÐIN.....	16
2.1	Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar	16
2.2	Félagsfundir	16
2.3	Þjónustuvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur/félagsmenn	16
2.4	Fjöldi NPA aðstoðarfólks	17
2.5	Stjórn	17
2.5.1	Fjöldi stjórnarfunda.....	17
2.6	Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar.....	17
2.7	Rekstur og fjárhagur.....	18
2.8	Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar	19
2.9	Þjónusta NPA miðstöðvarinnar.....	19

1 YFIRLIT STARFSTÍMABILS

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar hefur haft í nægu að snúast á þessu starfstímabili og hafa umsvif NPA miðstöðvarinnar aldrei verið meiri. Starfstímabil miðstöðvarinnar hefur einkennst af miklum vexti og breytingum, en einnig ógnum sem miðstöðin og félagsfólk hennar hefur þurft að bregðast við.

1.1 Starfsleyfi

Breytt regluverk hefur kallað á meiri kröfur til umsýsluaðila en áður. Nú þurfa allir sem taka að sér umsýslu með NPA samningum að hafa gilt starfsleyfi. Við aðalfund NPA miðstöðvarinnar á árinu 2019 hafði NPA miðstöðin sent inn umsókn um starfsleyfi til að taka að sér umsýslu með NPA samningum á öllu landinu.

Nokkur dráttur og óvissa var við meðferð umsóknarinnar, sérstaklega hvað varðaði umsagnir notendaráða sveitarfélaga um umsóknir um starfsleyfi. Í mörgum sveitarfélögum höfðu ekki verið starfandi notendaráð og þar sem málsmeðferð umsókna um starfsleyfi gerðu ráð fyrir umsögnum notendaráða tókst ekki að leggja umsóknir fyrir notendaráð í tilteknum sveitarfélögum. Þetta hefur leitt til talsverðrar umræðu um framkvæmd samráðs við fatlað fólk, sem er mikilvægasti hlekkur í ákvarðanatökufurli um hagsmuni fatlaðs fólks, og skipulag notendaráða hjá mismunandi sveitarfélögum. Ótækt væri hins vegar að skortur á samráði við fatlað fólk myndi tefja fyrir eða koma í veg fyrir að fatlað fólk gæti notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð skv. lögum, t.d. með töfum á útgáfu starfsleyfa fyrir umsýsluaðila NPA samninga vegna þess að notendaráð væru ekki til taks í viðkomandi sveitarfélagi.

NPA miðstöðin barðist fyrir því að geta tekið að sér umsýslu með gildandi NPA samningum og þeim samningum sem bættust við á árinu 2019, án þess þó að hafa tryggt sér starfsleyfi. Það náðist í gegn með breytingu á reglugerð um NPA nr. 1250/2018, sbr. reglugerð 240/2019, en með henni var umsýsluaðilum heimilt að taka að sér umsýslu með nýjum samningum þó þeir væru ekki með gilt starfsleyfi, allt til 30. september 2019.

Þetta ferli tafði fyrir afgreiðslu umsóknar miðstöðvarinnar um starfsleyfi, en það fékkst þó að lokum. NPA miðstöðin er í dag með starfsleyfi til að annast umsýslu með NPA samningum á öllu landinu, en starfsleyfið er dagsett 23. ágúst 2019. Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar hafa jafnframt lokið við grunn- og framhaldsnámskeið velferðarráðuneytisins um NPA fyrir umsýsluaðila.

1.2 Fjölgun starfsfólks skrifstofunnar

Samkvæmt ársreikningi NPA miðstöðvarinnar fyrir árið 2019 var nær tvöföldun á umsvifum miðstöðvarinnar árið 2019 miðað við árið á undan. Aukin umsvif miðstöðvarinnar má fyrst og fremst rekja til lögfestingar þjónustunnar og fjölgunar félagsfólks. Til að þjónusta þennan vaxandi hóp einstaklinga með NPA þurfti miðstöðin að fjölga starfsfólki skrifstofunnar.

Sumarið 2019 bættist Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir við ráðgjafateymi miðstöðvarinnar. Elín Ýr er menntuð þroskaþjálfari og kemur inn í miðstöðina með þekkingu og reynslu sem nýtist sérstaklega vel fyrir það félagsfólk miðstöðvarinnar sem er með aðstoðarverkstjórnanda.

Í desember 2019 bættist Regína Ástvaldsdóttir í bókhald miðstöðvarinnar. Regína er reynslumikil á sviði bókhalds- og afstemminga og kom til miðstöðvarinnar frá Gigtafélagi Íslands. Hún mun annast bókhald og afstemmingar ásamt launavinnslu með Sigurdísi Jóhannsdóttur.

Uppúr áramótum þurfti Anna Guðrún, ráðgjafi hjá miðstöðinni, frá að hverfa vegna veikinda. Hún er nú í veikindaleyfi. NPA miðstöðin auglýsti eftir ráðgjöfum til starfa í kjölfarið og bærust allnokkrar umsóknir. Svo fór að Pála Kristín Bergsveinsdóttir og Vigdís Th. Finnbogadóttir voru ráðnar til starfa.

Pála hefur fjölbreytta reynslu, meðal annars margra ára reynslu af starfi sem stuðningsfulltrúi hjá Reykjavíkurborg og deildarstjóri á áfangaheimili fyrir fatlað fólk. Hún hefur lokið háskólanámi á sviði félagsráðgjafar og lauk meistaranámi í fötlunarfræðum árið 2017.

Vigdís mun, eins og Pála, gegna starfi ráðgjafa hjá miðstöðinni, en Vigdís mun jafnframt gegna hlutverki fræðslustjóra. Það starf felur í sér að hafa yfirsýn yfir fræðslumál NPA miðstöðvarinnar. Starfið felst jafnframt í að halda utan um- og skipuleggja námskeið og jafningjafræðslu í samstarfi við stjórn og félagsfólk. Vigdís er með BA próf í þjóðfræði, MA próf í náms- og starfsráðgjöf og diplómagráðu í fötlunarfræðum á framhaldsstigi. Þá hefur hún einnig lokið fjölda eininga í fjölmiðla- og boðskiptafræði og náms- og kennslufræðum á framhaldsstigi. Vigdís starfaði áður sem náms- og starfsráðgjafi við Vættaskóla í Grafarvogi.

1.3 NPA miðstöðin flytur í nýtt húsnæði

NPA miðstöðin hefur um árabil leitað að framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi miðstöðvarinnar. Aðsetur miðstöðvarinnar hefur verið í Hátúni 12 undanfarin ár, fyrst um sinn í lítilli skrifstofu, en árið 2018 flutti miðstöðin í stærra rými í húsinu. Lengi hefur legið fyrir að húsnæðið í Hátúni hentaði ekki starfsemi miðstöðvarinnar nægjanlega vel. Á liðnum árum hefur sýnt sig að miðstöðin hefur þurft á stærra rými að halda, m.a. til þess að geta tekið á móti gestum, eiga tök á að hýsa fundi í lokuðum rýmum, og bjóða upp á viðunandi aðstöðu fyrir aðstoðarfólk, sem bíður á meðan verkstjórnendur þeirra sinna erindum sínum í miðstöðinni. Enn fremur var þörf á aðstöðu innan miðstöðvarinnar til þess að halda námskeið og fræðslu.

Formaður, gjaldkeri stjórnar og framkvæmdastjóri hafa skoðað marga ólíka húsakosti á undanförunum misserum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Fulltrúar miðstöðvarinnar hafa ávallt lagt mikla áherslu á aðgengismál og að húsnæðið gefi miðstöðinni svigrúm til að vaxa. Haustið 2019 könnuðu fulltrúar miðstöðvarinnar húsnæði í Urðarhvarfi 8, en þar stendur ein stærsta skrifstofubygging á Íslandi. Húsið er nokkuð þekkt, en bygging þess stöðvaðist í bankahruninu. Húsið hefur skipt um eigendur nokkrum sinnum eftir hrun og staðið autt í langan

tíma. Eftir nokkrar vettvangsferðir og viðræður við eigendur og framkvæmdaaðila hússins var ákveðið að láta setja upp áætlun varðandi möguleika á flutningum miðstöðvarinnar í eitt rými hússins.

Möguleikinn á flutningum í rýmið, ásamt teikningum og leiguskilmálum, voru kynnt á félagsfundi hjá NPA miðstöðinni þann 31. október 2019. Óhætt er að segja að mikill hugur hafi verið í því félagsfólki sem mætti til fundarins og var félagsfólk einróma um að taka heilt rými í húsinu til leigu, enda hafi leiguskilmálar verið afar hagstæðir og gefið miðstöðinni svigrúm út árið 2021 til að vaxa inn í rýmið. Var því ákveðið að fundinum loknum að ganga til samninga við Reykjastræti, Elliðaárdal ehf. og ÞG Verk ehf. um langtímaleigu og útfærslu á rými miðstöðvarinnar.

Þann 1. apríl fékk miðstöðin húsnæðið afhent. Vegna Covid19 reyndist ekki unnt að ganga frá hönnun og uppsetningu á skrifstofunni í tæka tíð, en NPA miðstöðin leitaði til HAF studio til að teikna upp og hanna rýmið, ásamt því að leita ráðlegginga hjá sérfræðingum í aðgengismálum varðandi val, uppsetningu og staðsetningu húsgagna.

Búast má við að nokkurn tíma taki fyrir miðstöðina að fullklára að innrétta og hanna rýmið, en það er spennandi verkefni sem býður næstu stjórnar.

1.4 Endurhönnun NPA miðstöðvarinnar

Á félagsfundi NPA miðstöðvarinnar þann 31. október 2019 voru einnig kynnt áform um endurhönnun á útliti miðstöðvarinnar. Tilefnið er einkum 10 ára afmæli miðstöðvarinnar þann 16. júní 2020, en kennimerki (e. logo) miðstöðvarinnar og heildarútlit þótti orðið gamaldags og ekki gefa þá ímynd sem æskilegt væri, auk þess sem það hefur ekki reynst auðvelt í meðförum við vinnslu kynningarefnis.

Í framhaldi af félagsfundinum átti NPA miðstöðin síðan fundi með fjórum auglýsinga-, vefhönnunar og markaðsstofum; Hvíta húsinu, Pipar, Jökulá og Ennemm. NPA miðstöðin ræddi ítarlega við þessa aðila um NPA, hlutverk NPA miðstöðvarinnar og gildi. Þar voru orðin *frelsi*, *áreiðanleiki*, *gleði* og *pönk*, rauður þráður og mikil áhersla var lögð á mikilvægi inngildingar (e. inclusiveness). Í kjölfarið á þessum fundum var ákveðið að hefja samstarf við Pipar/TBWA.

Ýmsar ástæður voru fyrir því að Pipar varð fyrir valinu. Fundirnir og samtalið sem NPA miðstöðin átti með þeim var frá upphafi gott og áhugavert. Pipar er stór stofa með mikla reynslu og hluti af TBWA-auglýsingakeðjunni sem telur yfir 300 stofur víðsvegar um heiminn. Pipar kennir sig við afþerðafræði sem kallast *Disruption* sem felur m.a. í sér að brjóta upp hefðir sem eiga til að halda aftur af vörumerki og þeir eru eina stofan á landinu sem hefur vottun frá Google og Facebook vegna sérfræðiþekkingar á þeirra miðlum. Það var ýmislegt við hugmynda- og afþerðafræði Pipars sem NPA miðstöðinni leist vel á og Pipar talinn samstarfsaðili sem gott væri að byggja upp samstarf við, ekki eingöngu vegna hönnunar á nýju kennimerki heldur einnig við tiltekin verkefni eftir sem bíða miðstöðvarinnar til framtíðar. Auk þess skilgreinir Pipar sig sem

samfélagslega ábyrgt fyrirtæki. Pipar hefur hlotið jafnlaunavottun VR, viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnulífinu og valið fyrirtæki ársins af VR árið 2018 auk þess að teljast ítrekað fyrirmyndarfyrirtæki VR. Loks ber að nefna að aðgengt er fyrir fólk í hjólastólum í höfuðstöðvum Pipars.

Verkefnafundur og hönnunarvinnan hófst svo í janúar. Þrjú hönnuðir Pipar kynntu í kjölfarið, fjórar ólíkar tillögur að nýju kennimerki NPA miðstöðvarinnar. Ljóst var frá fyrsta kynningarfundum að sú tillaga sem síðan varð fyrir valinu greip strax athygli starfsfólks NPA miðstöðvarinnar sem sátu fundinn. Eftir nokkra yfirlegu, samráð innan skrifstofunnar og óformlega kosningu var sú ákvörðun staðfest við Pipar. Það var ekki eingöngu að kennimerkið væri talið álitlegt heldur hafði hönnuðurinn kynnt ímyndarheim sem felur í sér mikla möguleika. Í framhaldinu hófst fínvinna og frágangur á kennimerkinu og útbúinn svokallaður hönnunarstaðall fyrir NPA miðstöðina. Í honum koma fram ýmsir grunnþættir er lúta að ásýnd NPA miðstöðvarinnar, letur og einkennislitir NPA miðstöðvarinnar, hugsunin á bak við kennimerkið o.fl.

Hönnuður nýja kennimerkisins heitir Björn og er grafískur hönnuður og hugmyndastjóri hjá Pipar. Hann hafði í huga að NPA miðstöðinni er mikilvægt að vera áfram baráttuafli fyrir mannréttindum fatlaðs fólks og réttinum til NPA á Íslandi. Í því ljósi sótti hann innblástur til götulistamannsins Banksy og sérstaklega til þess hvernig hann notar gjarnan stimpla. Banksy er vel þekktur götulistamaður, vandalisti, pólitískur aktivisti og kvikmyndagerðarmaður. Verk hans einkennast af stuttum sterkum skilaboðum, jafnvel satíru, svörtum húmor og svo götulist þar sem stimplar og graffiti er mikið notað. Verk hans hafa komið fram á götum, veggjum og brúm nánast út um allan heim.

Jafnframt ber að nefna að Hlynur Þór Agnarsson aðgengis- og upplýsingafulltrúa hjá Blindrafélaginu samþykkti að yfirfara kennimerkið og hönnunarstaðalinn. Svo vitnað sé beint í hann þá fannst honum kennimerkið og hönnunarstaðalinn mjög flott og vel unnið og taldi litina í fínni skerpu og leturgerðina virka vel.

Kostur nýs kennimerkisins er m.a. talinn vera hráleiki þess og einfaldleiki sem býður upp á marga möguleika. Kennimerkið í bland við markmið og störf NPA miðstöðvarinnar eru þess eðlis að hugmyndasmiðir Pipars sjá fyrir sér marga möguleika í svokölluðum górilla markaðsaðferðum, ekki ósvipað Banksy eða t.d. því þegar nokkrir hjólastólanotendur létu hlekkja sig föst í Kringlunni hér um árið.

Þann 26. maí 2020 var haldinn félagsfundur þar sem nýtt kennimerki og hönnunarstaðall fyrir NPA miðstöðina var kynntur. Auk þess var bakgrunnur og ímyndarheimur nýs kennimerkis kynnt og tillögur að bréfsfnum, umslögum og notkun nýja kennimerkisins á samfélagsmiðlum sömuleiðis. Góður rómur var gerður að nýja kennimerkinu og hönnunarstaðli á fundinum var hvort tveggja samþykkt samhljóða af því félagsfólki sem mætti til fundarins.

Í hönnunarstaðlinum stendur: „*Merkið er gert úr 7 aðskildum flötum sem mynda bókstafina NPA. Fletirnir eru byggðir á klassískum geómetrískum formum, hring, ferhyrningi og þríhyrningi.*

Fletirnir endurspeglar margbreytileika mannlífsins, gildi NPA miðstöðvarinnar um inngilt samfélag og þá fjölbreytni sem einkennir starfsemi NPA miðstöðvarinnar. Fletirnir mynda um leið sterka heild enda er þátttaka fatlaðs fólks mikilvæg til að stuðla að heildstæðara samfélagi. Litirnir eru sóttir í grunnlitina ásamt grænum og undirstrika einnig fjölbreytnina."

Þann 16. júní, á tíu ára afmæli NPA miðstöðvarinnar, tekur NPA miðstöðin nýtt kennimerki til notkunar og fær á sig nýja ásýnd. NPA miðstöðin er spennt yfir því að nú komi þessi nýja ásýnd fyrir sjónir almennings og fyrir því að nýta þá möguleika sem þessi ásýnd hefur til framtíðar.

1.5 Nýjar kerfislausnir

1.5.1 Nýtt vakta- og tímaskráningarforrit - Tímon

Á liðnu starfstímabili hefur NPA miðstöðin leitað leiða til þess að auðvelda félagsfólki að halda utan um vinnuskýrslur og vaktaplön aðstoðarfólks. Miðstöðin hefur þróað sjálfvirk skjöl í töflureikni sem reikna út tímafjölda og rétt álag fyrir viðkomandi daga, en skjalið er hægt að lesa beint inn í DK bókhaldskerfi miðstöðvarinnar.

Hins vegar hafa ekki allir aðgang að töflureikniforritum, auk þess sem þau eru oft óaðgengileg og svo hafa komið upp hvítleiðar samræmingarvillur sem hafa tafið fyrir skilum á vinnuskýrslum og tekið tíma frá verkstjórnendum.

NPA miðstöðina skapaði starfshóp á vormánuðum ársins 2019 til að kortleggja hvaða lausnir væru í boði fyrir miðstöðina fyrir tíma- og vaktaskráningarkerfi fyrir félagsfólk miðstöðvarinnar. Starfshópurinn hittist nokkrum sinnum á fundi til þarfagreiningar og eins til að leggja mat á hvort æskilegt væri að kaupa þjónustu sem væri til eða hvort þörf væri á að útbúa nýtt kerfi frá grunni. Tveir möguleikar voru kynntir til sögunnar. Annars vegar að taka upp Tímon, fullbúið vakta- og tímaskráningarkerfi frá Trackwell, eða nýtt kerfi í þróun frá Rue de Net. Eftir nokkra fundi var ákveðið að fara í þá vegferð að þróa og útfæra Tímon fyrir eigendur miðstöðvarinnar.

Nú eru nokkrir notendur að prófa Tímon en útfæra og aðlaga þarf forritið betur að þeim notendum sem eru með hvíldarvaktir. Vonir standa til þess að unnt verði að taka Tímon í almenna notkun síðar á árinu 2020. Tímon mun auðvelda bæði notendum og NPA miðstöðinni að halda utan um og skipuleggja NPA aðstoð og færa þær upplýsingar með auðveldum og skilvirkum hætti inn í launabókhald miðstöðvarinnar. Þetta fyrirkomulag mun auk þess minnka alla handavinnu í tengslum við skráningar á vinnutíma aðstoðarfólks sem aftur minnkar líkur á innsláttarvillum í skráningum og launabókhaldi.

1.5.2 Nýtt þjónustukerfi - Salesforce

Lengi hefur verið til umræðu innan NPA miðstöðvarinnar að taka upp þjónustukerfi hvað varðar samskipti og þjónustu við félagsfólk. Með auknum umsvifum NPA miðstöðvarinnar hefur reynt nauðsynlegt að miðstöðin taki upp slíkt kerfi til að halda utan um öll erindi sem berast miðstöðinni, þjónustu við félagsfólk, fræðslu og fjárhagsupplýsingar NPA samninga.

Miðstöðin fundaði til að mynda með OneSystems uppá að taka upp OneCRM, sem er bæði mála- og skjalavistunarkerfi, ásamt því að halda utan um þjónustuna, tengiliði og samskipti þeirra við miðstöðina. Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar urðu þó hrifnastir af Salesforce kerfinu. Salesforce er einnig svokallað CRM kerfi, eða *Customer Relations Management*, en það felur í sér utanumhald með þjónustu og samskiptum við viðskiptavini, sbr. félagsfólk í tilfelli NPA miðstöðvarinnar. Salesforce býður uppá margvíslega möguleika og viðbætur sem gera miðstöðinni kleift að útbúa sjálfvirka ferla um inngöngu nýs félagsfólks, varðandi fræðslu og eftirfylgni, auk þess sem kerfið skráir sjálfkrafa mál sem verða til vegna almennra fyrirspurna og erinda sem berast miðstöðinni. Tölvupóstar og símtöl eru að sama skapi skráð sjálfkrafa inn í kerfið. Þetta þýðir að haldið er utan um öll samskipti, stöðu allra mála og ferla miðlægt þannig að hver starfsmaður miðstöðvarinnar getur séð hvaða mál berast miðstöðinni, hvaða mál eru afgreidd, hver ekki og hver staða málanna er. NPA miðstöðin sótti um svokallað „not for profit“ leyfi, eða „án ágóða“ leyfi og fékk slíkt leyfi af Salesforce. Það þýðir að miðstöðin fær aðgang að kerfinu frítt fyrir 10 notendur, og greiðir lægra verð en aðrir fyrir viðbótarnotendur.

Fyrirtækið Advania er einn af samstarfsaðilum Salesforce á Íslandi en fyrirtækið hefur verið að innleiða kerfið fyrir íslenskan markað. NPA miðstöðin fundaði með Advania í nokkur skipti og fékk meðal annars verk- og kostnaðaráætlun frá fyrirtækinu vegna innleiðingarinnar. Ákveðið var að fá einnig verk- og kostnaðaráætlun frá erlendum aðila, fyrirtækinu Mooza sem staðsett er í Tékklandi, sem sérhæfir sig í innleiðingu á Salesforce kerfinu í Evrópu. Eftir nokkra fjarfundi með forsvarsmönnum Mooza var ákveðið að taka tilboði Mooza í innleiðingu á Salesforce fyrir NPA miðstöðina.

SalesForce auðveldar miðstöðinni að fylgjast með stöðu hvers félagsmanns, bæði hvað varðar þjónustu og framkvæmd á hverjum NPA samningi. Unnt verður að draga fram fjölbreyttar skýrslur úr kerfinu sem munu vonandi koma til með að leysa af hólmi þær rekstrarskýrslur sem miðstöðin notast nú við, enda eru þær skýrslur komnar til ára sinna. Þær upplýsingar sem unnt verður að draga úr Salesforce verða skýrar og sjónrænar og er markmið NPA miðstöðvarinnar að gera upplýsingarnar aðgengilegri fyrir félagsfólk.

SalesForce er mikil fjárfesting fyrir NPA miðstöðina, en mun koma til með að fela í sér byltingu í skjalavörslu, verkferlum og þjónustu miðstöðvarinnar. Áætlað er að unnt verði að taka Salesforce í notkun fyrsta þróunarhluta kerfisins fyrir NPA miðstöðina seinni part sumars eða snemma hausts árið 2020. Líklega verður þó haldið áfram með þróun kerfisins einhverntíma eftir það.

1.6 Þátttaka í erlendu samstarfi

1.6.1 Freedom Drive 2019

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf frá árinu 2017. Annað hvert ár standa samtökin fyrir viðburði í Brussel í Belgíu þar sem aðildarfélögum,

systursamtökum og öðru fötluðu fólki er boðið að taka þátt í nokkurra daga dagskrá sem nær hámarki með kröfugöngu, sem ber heitið Freedom Drive. Á þessum viðburðum sameinast fjöldi fatlaðs fólks og stuðningsfólks þess víðsvegar að úr Evrópu til að vekja athygli á réttindum fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs, ásamt því að sækja fyrirlestra og pallborðsumræður um málaflokkinn.

Á viðburðum Freedom Drive gefst þátttakendum m.a. tækifæri á að hitta fulltrúa Evrópuþingsins og vekja athygli á mannréttindum, auk þess að deila reynslu og hugmyndum með öðrum mannréttindafrumkvöðlum og aktívistum víðsvegar að úr Evrópu. Í sjálfri kröfugöngunni ganga þátttakendur fylktu liði um miðborg Brussel frá Evrópuþinginu til aðseturs Framkvæmdastjórnar Evrópuráðsins. Er það gert með það fyrir sjónum að senda ráðamönnum og stefnumótendum í málaflokknum skýr skilaboð um mikilvægi jafnra mannréttinda, jafnra tækifæra, borgaralegra réttinda og sjálfstæðs lífs fyrir fatlað fólk í Evrópu.

Í september 2019 fögnuðu Evrópusamtök um sjálfstætt líf, ENIL, 30 ára afmæli sínu. Að því tilefni blésu samtökin til afmælisveislu samhliða Freedom Drive.

Að þessu sinni sendi NPA miðstöðin tvo fulltrúa úr eigendahópi miðstöðvarinnar á Freedom Drive, þær Ásthildi Guðmundsdóttur og Önnu Sigríði Sigurðardóttur, en með þeim í för var Hjörtur Eysteinnsson, framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar. Þær Ásthildur og Anna Sigríður tóku þátt í örmálstofum á vegum ENIL auk þess að vera viðstaddar ráðstefnu og aðalfund ENIL. Þær tóku svo að sjálfsögðu þátt í kröfugöngunni sjálfri og þar voru skilaboðin skýr: „*Full innleiðing og lögfesting samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á Íslandi*“.

Þrátt fyrir að *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* (SSRFF) hafi verið við lýði í yfir 10 ár er fötluðu fólki enn mismunað. Þátttaka NPA miðstöðvarinnar í Freedom Drive var meðal annars til þess að sýna stuðning í verki við fatlað fólk í Evrópu, en einnig til þess að vekja athygli á því að rétturinn til sjálfstæðs lífs hefur enn ekki verið lögfestur á Íslandi. Þá hefur Alþingi ekki enn lögfest samning Sameinuðu þjóðanna þrátt fyrir að hann hafi verið fullgiltur árið 2016.

Þátttaka NPA miðstöðvarinnar í Freedom Drive var afar vel heppnuð. Fulltrúar miðstöðvarinnar kynntust fjölda þátttakenda, meðal annars frá systurfélagi NPA miðstöðvarinnar í Noregi, ULOBA og JAG í Svíþjóð. NPA miðstöðin mun halda áfram að hlúa að þessu mikilvæga tengslaneti. Þá var komið á laggirnar óformlegu samskipta- og samráðsneti samvinnufélaga fatlaðs fólks á norðurlöndunum. Til stendur að sami hópur hittist með reglubundnum hætti á fjarfundum til skrafs og ráðagerða og skipuleggi sameiginlega viðburði í framtíðinni.

1.6.2 Norðurlandaferð NPA miðstöðvarinnar

Í nóvember 2019 ferðaðist hluti starfsfólks og stjórnar NPA miðstöðvarinnar til Svíþjóðar og Noregs til að heimsækja og kynnast systurfélögum miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum. Undirbúningur fyrir ferðina hafði staðið yfir um alllangt skeið, en lengi hefur staðið til að fara í slíka ferð á vegum miðstöðvarinnar. Í tengslum við lögfestingu á NPA og stækkun

miðstöðvarinnar þótti tímabært að fara í ferðina til að sækja hugmyndir og innblástur að leiðum til að þjónusta félagsfólk, húsnæðisþarfir, hvernig best sé að haga hagsmunabaráttu og eflingu félagsfólks til þátttöku. Þátttakendur í ferðinni voru Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri í stjórn NPA miðstöðvarinnar, Hjörtur Eysteinnsson, framkvæmdastjóri, Elín Ýr Arnar Hafðísardóttir og Andri Valgeirsson, ráðgjafar.

Hópurinn flaug út til Stokkhólms þann 10. nóvember og daginn eftir var fyrsti fundur ferðarinnar með JAG. Til stóð að hafa tvo fundi á mánudeginum, en fluginu seinkaði mikið vegna óveðurs á Íslandi og því þurfi hópurinn að færa til fundi. JAG er samvinnufélag fatlaðs fólks með NPA samninga og er sérstaklega hugsað fyrir einstaklinga sem þurfa aðstoð við verkstjórn. Allir í JAG eru því með aðstoðarverkstjórnanda. Í ljósi þess að hjá NPA miðstöðinni er fjöldi fólks sem þarf aðstoð við verkstjórn töldum við okkur geta lært heilmikið af JAG varðandi skipulag, samstarf og þjálfun aðstoðarverkstjórnanda. Kerstin Selling, framkvæmdastjóri JAG, tók á móti hópnum í húsnæði félagsins í miðborg Stokkhólms. Hópurinn fékk kynningu á húsnæðinu sem var stórt, með mörgum lokuðum rýmum, stóru fundarherbergi og samliggjandi eldhúsi þar sem hópurinn varði meirihluta dagsins. Eftir kynningu á starfseminni var hópnum skipt í tvennt. Annar hópurinn ræddi þá við stjórnendur um stjórnun og fjármál, en ráðgjafar beggja aðila ræddu saman um þjónustuþætti og fræðslu.

Daginn eftir, þann 12. nóvember áttum við fund með STIL. Þar tóku á móti okkur formaður félagsins, Jonas Franksson, Katarina framkvæmdastjóri, Tove lögfræðingur og Jessica ráðgjafi. Þau voru afar áhugasöm um að heyra hvað væri í gangi á Íslandi og spegluðu mikið af þeirri þróun sem er að eiga sér stað hjá okkur við það sem hefur verið í gangi í Svíþjóð. STIL er með um 200 einstaklinga á félagaskrá, aðallega í Stokkhólmi og á nærliggjandi svæðum, en nær annars til allrar Svíþjóðar. Skrifstofa félagsins telur um 20 stöðugildi. Sérstakan áhuga vakti hjá fulltrúum NPA miðstöðvarinnar hve veigamikinn þátt lögfræðingur STIL skipar í almennri starfsemi. Lögfræðingur félagsins hefur mörg mál á sínum snærum sem lúta að réttindum félagsfólks. Fulltrúar STIL kynntu einnig fyrir okkur innri vef sinn, en þar mátti meðal annars finna verkstjórnendahandbók, eyðublöð og skjöl, staðla o.fl. Að loknum fundi tók við nokkurra klukkustunda ferðalag til Gautaborgar.

Þann 13. nóvember átti hópurinn fund með Anders Westergerd, formanni GIL í Gautaborg. Óhætt er að segja að spenna hafi ríkt í hópnum fyrir fundinum, en öll ásýnd GIL ásamt ytra og innra starfi er afar sýnileg, vel skipulögð og úthugsuð. Hópurinn hafði miklar væntingar um að sækja innblástur til GIL, varðandi innra starfið, sem og markaðsstarf og pólitíska baráttu. Húsnæði GIL er litríkt og skemmtilegt. Anders sagði frá því að félagið er sérstaklega virkt og sýnilegt í allri félagsþjónustu og félagsstarfi, og hver staður í húsnæði starfseminnar hefði sinn tilgang. Það þýðir t.d. að myndir og málning á veggjunum er úthugsuð, stíllinn og merkingarnar – allt er þetta afurð af öflugum markaðsteymi félagsins. Forsvarsfólk GIL er mjög meðvitað um að viðhalda þessum staðli.

Á skrifstofu GIL starfa 27 manns, af þeim eru 5 fatlaðir. Ráðgjafarnir eru tíu, 6 manns eru í mannauðsdeild og 6 í fjármáladeild. Að auki er markaðsdeild og yfirstjórn. Einn starfsmaður er í móttöku og hefur viðkomandi það hlutverk að taka á móti einstaklingum sem hafa áhuga á að ganga í GIL. Hjá GIL eru um 265 einstaklingar á félagaskrá og um það bil 2.200 aðstoðarmenn eru á launaskrá hjá félaginu.

Anders sagði hópnum einnig frá ýmsum markaðsherferðum og átökum sem GIL hefði staðið fyrir. GIL hefur meðal annars tekið þátt í að brugga og gefa út bjór, tekið þátt í að hanna tískulínur og staðið fyrir uppákomum og „aktívisma“, til að mynda með því að mála öll bílastæði fyrir framan verslunarmiðstöð með hjólastólamerki.

Mjög mikil áhersla er lögð á fræðslu og stuðning hjá félaginu, en GIL stendur fyrir mjög mörgum námskeiðum og uppákomum yfir árið, bæði fyrir félagsfólk og ekki síður fyrir aðstoðarfólk. Oftast eru það notendur eða starfsfólk skrifstofunnar sem sér um að skipuleggja og halda námskeiðin og oft eru námskeiðin óformlegs eðlis. Þá er meiri áhersla er lögð á viðburði og stuðning fyrir aðstoðarfólk hjá GIL en öðrum félögum á norðurlöndunum. Anders ræddi einnig um mikilvægi þess að aðstoðarfólk upplifði sig tilheyra félaginu og vera partur af heildarmyndinni í kringum starfseminu.

Hópurinn kvaddi Anders og GIL uppfullur af hugmyndum og innblæstri sem munu vafalaust nýtast NPA miðstöðinni í framtíðinni. Daginn eftir heimsóknina, þ.e. þann 14. nóvember var ferðadagur, en þá ferðaðist hópurinn ýmist til Osló eða Drammen. Þann 15. nóvember var komið að fundi með Uloba, stærsta samvinnufélagi fatlaðs fólks á Norðurlöndum, en Uloba er ein helsta fyrirmynd NPA miðstöðvarinnar.

Hjá Uloba tóku þær Kristin Torske og Ellinor Sue Anue á móti okkur, en sú síðarnefnda hafði nokkru áður heimsótt NPA miðstöðina í persónulegri ferð sinni til Íslands auk þess fulltrúar miðstöðvarinnar kynntust henni á Freedom Drive árið 2017. Kristin Torske er pólitískur ráðgjafi Uloba og alþjóðatengill. Fundurinn byrjaði á stuttri kynningu frá Knut Flaaum, sérstökum ráðgjafa hjá Uloba þar sem hann kynnti stefnu og þróun félagsins, en Knut er einn af stofnmeðlimum þess. Meðlimir Uloba eru um 1700, eða um 25% af öllum notendum í Noregi. Starfsstöðin telur um 70 til 80 starfsmenn í Drammen, en í heildina eru um 126 starfsmenn hjá félaginu, en margir ráðgjafar starfa að heiman. Um það bil helmingur alls starfsfólks eru fatlaðir einstaklingar.

Fulltrúar miðstöðvarinnar fengu svo kynningu á húsnæði Uloba. Sérstaka athygli vakti að húsið er lokað og öll rými eru læst með aðgangskortum. Aðgengi er auðvitað í fyrirrúmi, en allar hurðar eru með skynjurum í góðri hæð og skynjarar eru á sjálfvirkum hurðum sem gera það að verkum að þær lokast ekki eða opnast á fólk sem stendur fyrir þeim. Þá eru mörg stór fundarherbergi í húsnæðinu og er öll rými hússins merkt eftir þekkingu aktivistum og öðrum einstaklingum sem barist hafa fyrir réttindum fatlaðs fólks. Uloba rekur einnig eigin ferðaskrifstofu og er með aðgengilega rútu, með baðherbergi og sturtu, á sínum snærum sem félagsfólk getur leigt!

Eins og hjá JAG þá skipti hópurinn sér niður. Hallgrímur og Andri sátu fund með fulltrúum tæknideildar (IT) Uloba, en sú deild er afar stór hjá félaginu, á meðan Hjörtur og Elín sátu fund með Evu Mariu Screiber Kanzler, sem er yfirmaður fræðsludeildar Uloba.

Eva kynnti fulltrúum miðstöðvarinnar fyrir CRM kerfi sem Uloba notast við til að fylgjast með stöðu hvers notanda hvað varðar fræðslu og innleiðingu í NPA. Margir þættir komu til skoðunar og mörg þrep í formi fræðslu og leiðsagnar.

Þeir Kjell, Tom og Geir sáu um kynningu á tæknimálum Uloba. Þar fóru þeir yfir vakta- og tímaskráningarkefi Uloba, en Uloba hefur þróað sitt eigið kerfi í þeim efnum. Fyrr nefndir fulltrúar Uloba kynntu okkur einnig handbækur o.fl.

Á öllum stöðum fengu fulltrúar miðstöðvarinnar afar vinalegar og góðar móttökur og voru leyst út með gjöfum, góðum ráðum og baráttuanda. Ferðin og lærdómurinn sem af ferðinni hlaust mun reynast ómetanlegur þegar fram í sækir við mótun áherslna og uppbyggingar á NPA miðstöðinni til framtíðar.

1.7 Ný verkstjórnendahandbók NPA miðstöðvarinnar

Eitt af þeim verkefnum sem lengi hefur staðið til að ganga í af hálfu NPA miðstöðvarinnar er að gefa út handbók fyrir félagsfólk miðstöðvarinnar. Eftir norðurlandaferðina fengu fulltrúar NPA miðstöðvarinnar aðgang að verkstjórnendahandbók STIL og var ákvörðun tekin um að ráðast í útfærslu sambærilegar verkstjórnendahandbókar fyrir NPA miðstöðina.

Vinna við handbókina hófst seint á árinu 2019. Ákveðið var að handbókin skyldi vera í formi vefsíðu og að kaflar hennar og uppbygging yrði með svipuðum hætti og handbók STIL. Mikil vinna fór í að útfæra efni handbókarinnar og aðlaga hana að veruleika íslenskra NPA notenda.

Í apríl var texti handbókarinnar að mestu tilbúinn og var þá leitast við að finna samstarfsaðila til að setja handbókina upp sem vefsíðu. Ákveðið var að fá Jökulá til að setja handbókina upp og notast við vefumsjónarkerfið Webflow til að eiga við og vinna með efni síðunnar. Jökulá er hönnunarstofa með áherslu á notendaupplifun og starfsfólk sem hefur svo dæmi sé tekið sótt námskeið um rafrænt aðgengi. Send var út lítil skoðanakönnun til félagsfólks með tilliti til aðgengisparfa, enda mikilvægt að allt félagsfólk geti notað handbókina. Jafnframt var ákveðið að bæði handbókin og skjalasafn hennar yrðu opin öllum þeim sem vilja kynna sér efni hennar, óháð því hvort viðkomandi nýti sér miðstöðina sem umsýsluaðila eða ekki. Handbókin mun svo þróast í takt við breytingar á kjarumhverfi og regluverki NPA og eftir áherslum NPA miðstöðvarinnar hverju sinni.

Áætlað er að ný verkstjórnendahandbók miðstöðvarinnar verði aðgengileg félagsfólki á 10 ára afmælisdegi miðstöðvarinnar, sama dag og aðalfundurinn fer fram, þann 16. júní, á vefsvæðinu handbok.npa.is.

1.8 Kórónaveirufaralaldurinn

Óhætt er að segja að Covid19 hafi haft mikil áhrif á NPA miðstöðina og félagsfólk hennar. Í lok febrúar greindust fyrstu tilfelli Covid19 á Íslandi og fljótlega í kjölfarið gripu stjórnvöld til víðtækra ráðstafana sem fólust meðal annars í samkomutakmörkunum og nálægðarreglum. Margir vinnustaðir þurftu að bregðast við með lokunum, eða miklum varúðarráðstöfunum til að verja bæði viðskiptavinum sína og starfsfólk.

Bæði sveitarfélög og ríkið, í samstarfi við Almannavarnir og Embætti sóttvarnarlæknis gáfu reglulega út leiðbeiningar og viðbragðsáætlanir, bæði almennar og vegna einstaklinga sem eru í sérstökum áhættuhópi vegna Covid19. Til viðkvæmra einstaklinga teljast m.a. aldraðir einstaklingar og einstaklingar með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma og/eða skerta lungnastarfsemi. Viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar yfirvalda er varðar fatlað fólk voru í upphafi takmarkaðar og þær sem settar voru fram í byrjun miðuðu eingöngu að einstaklingum í stofnanapjónustu, en ekki NPA notendum.

Við upphaf faraldursins kortlagði NPA miðstöðin strax þann hóp félagsfólks sem er í skilgreindum áhættuhópi vegna Covid19. Í ljós kom að flest félagsfólk miðstöðvarinnar telst í þeim hópi og því brýnt að til væri sérstök viðbragðsáætlun fyrir þennan hóp. NPA miðstöðin lét prenta plaköt með leiðbeiningum um handþvott og leiðir til að forðast smit, bæði á íslensku og ensku ásamt því að panta handsápu og spritt. Miðstöðin hafði síðan samband við allt félagsfólk og bauðst til að senda viðkomandi plaköt, sápu og spritt sem margir nýttu sér. Jafnframt pantaði NPA miðstöðin inn hlífðarbúnað frá Landlækni, þ.e. hlífðargleraugu, hanska, grímur, svuntur o.fl., til að geta brugðist við með skömmum fyrirvara ef smit kæmi upp hjá félagsfólki. NPA miðstöðin sendi í varúðarskyni nokkurn búnað til tiltekinna einstaklinga sem búa úti á landi og annarra sem töldu sig finna fyrir einkennum.

Þann 11. mars 2020 sendi NPA miðstöðin bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað var eftir að sveitarfélög ynnu að gerð viðbragðsáætlunar fyrir NPA notendur vegna veirunnar. Sömu leiðis var óskað eftir skýringum eða svörum á tilteknum álitamálum sem lúta að NPA notendum, sérstaklega með tilliti til þjónustunnar, smitvarna, öryggisþátta fyrir notendur og aðstoðarfólk. Enn fremur var óskað eftir upplýsingum varðandi fjármögnun vegna þeirra sem sæta þurftu sóttkví eða einangrun. Engin svör bárust frá sambandinu og þann 27. mars 2020 sendi miðstöðin bréf til allra sveitarfélaga sem hún er í samstarfi við með sama erindi. Leitað var eftir svörum við þeim álitaeftum sem snúa að notendum með NPA hvað varðar greiðslur vegna notenda eða aðstoðarfólks í sóttkví eða einangrun, hvernig tryggja megi að notendur geti nýtt þjónustu við þær aðstæður ef notandi smitast af veirunni, öryggisráðstafanir ef þjónustan brestur o.s.frv.

NPA miðstöðin hélt úti sérstöku svæði á heimasíðu sinni með upplýsingum sem sneru að NPA notendum sérstaklega vegna Covid19. Eftir að viðbrögð sveitarfélaga létu á sér standa útbjó miðstöðin sína eigin viðbragðsáætlun/leiðbeiningar fyrir NPA notendur. Eftir að leiðbeiningar NPA miðstöðvarinnar voru birtar hafði fulltrúi velferðarmála í Samhæfingarstöð almannavarna

samband við miðstöðina og myndaður var samráðshópur. Í kjölfarið voru svo birtar samræmdar leiðbeiningar fyrir NPA notendur og aðstoðarfólk vegna Covid19.

Sem betur fer tókst yfirvöldum hér á landi að ná tökum á veirufaraldrinum og aðgerðir stjórnarvalda í þágu smitvarna báru árangur. Engin smit komu upp hjá félagsfólki NPA miðstöðvarinnar og engin smit hjá aðstoðarfólki miðstöðvarinnar. Nokkrir úr hópi aðstoðafólks þurftu þó að sæta sóttkví og hefur NPA miðstöðin unnið að því að sækja viðbótargreiðslur vegna þeirra til sveitarfélaga.

1.9 Tíu ára afmæli NPA miðstöðvarinnar

Þann 16. júní 2020, daginn sem aðalfundur miðstöðvarinnar fer fram, fagnar NPA miðstöðin 10 ára afmæli sínu, en miðstöðin var stofnuð af stórum hópi fatlaðs fólks þann 16. júní 2010.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í þessari 10 ára sögu miðstöðvarinnar. Einkum má nefna lögfestingu NPA og fjölgunar fatlaðs fólks með NPA – sem þýðir að fleira fatlað fólk á Íslandi nýtur sjálfstæðs lífs. Án þeirra frumkvöðla sem komu að stofnun NPA miðstöðvarinnar, þ.e án fatlaðs fólks sem barðist sjálft fyrir réttindum til sjálfstæðs lífs, bæði hér á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi, hefðu þessi réttindi ekki raungerst. Mikið verk er hins vegar framundan í að tryggja fleira fólk réttinn til sjálfstæðs lífs. Margir eru enn í þeirri stöðu að bíða eftir NPA samningi og enn sem komið er er NPA ekki í boði fyrir alla, – þrátt fyrir að lögin kveði skýrt á um rétt fatlaðs fólks til þess.

Í tilefni af 10 ára afmæli miðstöðvarinnar stóð til að halda sérstakan afmælisfögnuð í haust, með afmælis dagskrá og erlendum gestum. Vegna veirufaraldursins hefur hins vegar verið ákveðið að færa afmælisfögnuðinn fram á næsta ár, einkum vegna erlendra gesta.

1.10 Kynningarstarf og fjölmiðlar

NPA miðstöðin hefur áfram lagt áherslu á að vera sýnileg á liðnu starfsári, sérstaklega á samfélagsmiðlum. Haldið er einnig úti hópi á Facebook sem ber nafnið Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi sem er vettvangur fyrir alla áhugasama um að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum um allt sem varðar NPA.

Kynningarstarf NPA miðstöðvarinnar hefur legið niðri að miklu leyti, einkum þar sem mikil vinna hefur verið lögð í að þjónusta þann fjölda félagsfólks sem nú hefur bæst við eigendahóp miðstöðvarinnar. Auk þess hefur miðstöðin forgangsraðað tíma og fjármunum í brýn verkefni sem tengjast flutningum, innleiðingu þjónustukerfa, tæknilausna og handbókar fyrir félagsfólk. Hins vegar er NPA miðstöðin nú komin í samstarf við Pipar/TBWA, líkt og fyrr segir, og uppi eru hugmyndir um markaðs- og kynningarverkefni í framtíðinni sem gætu verið afar spennandi fyrir NPA miðstöðina að taka þátt í. Það má því búast við auknum sýnileika NPA miðstöðvarinnar í kynningar- og markaðsstarfi á komandi árum.

1.11 Fræðsla

Sú vinna sem fram hefur farið vegna fyrrgreindra verkefna miðstöðvarinnar hefur bitnað nokkuð á fræðslustarfi NPA miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin hefur þó skipulagt nokkra jafningjafraeðslufundi á árinu þar sem félagsfólki miðstöðvarinnar hefur gefist kostur á að spjalla og ráðfæra sig við hvert annað um málefni og framkvæmd NPA.

NPA miðstöðin hefur jafnframt haldið námskeið fyrir aðstoðarfólk í skyndihjálpi þar sem fatlaður einstaklingur er sá sem veita þyrfti skyndihjálpi. Á komandi starfsári þarf að leggja enn meiri áherslu á fræðslumálin, enda eru fjölmargir nýir einstaklingar að koma inn í NPA umhverfið og mikilvægt að þeir fái dyggan stuðning, leiðsögn og fræðslu, sérstaklega frá öðrum notendum með reynslu af NPA. NPA miðstöðin hefur nú þegar ráðið inn sérstakan fræðslustjóra til að koma fræðslumálum í góðan farveg.

Velferðarráðuneytið hefur skipulagt bæði grunn- og framhaldsnámskeið um NPA, en NPA notendum, aðstoðarfólki, aðstoðarverkstjórnendum og umsýsluaðilum ber skylda til að sækja slík námskeið. Nokkur óreiða hefur þó verið á námskeiðunum ráðuneytisins til þessa. Fáir hafa átt kost á að sækja námskeiðin þar sem tímasetning þeirra hentar illa, auk þess sem þau hafa verið fremur illa kynnt. Húsnæðið sem námskeiðin voru haldin í voru ekki sérstaklega aðgengileg og spurningar hafa einnig vaknað um hvort æskilegra sé að bjóða uppá námskeiðin í fjarkennslu eða sem netnámskeið. Þá hefur kórónaveirufaraldurinn gert það að verkum að öll námskeið hafa verið felld niður um ófyrirséðan tíma. Óvíst er hvernig framhaldið verður varðandi námskeið ráðuneytisins, en NPA miðstöðin mun halda áfram að þróa og móta eigin námskeið fyrir sitt félagsfólk, aðstoðarfólk og aðstoðarverkstjórnendum.

1.12 Barátta fyrir réttindum NPA notenda og réttum jafnaðartaxta

Sumarið 2018 tók NPA miðstöðin saman minnisblað með útreikningum á réttum jafnaðartaxta sólarhringssamninga með hvíldarvöktum út frá réttum kjarasamningi NPA aðstoðarfólks. Markmið minnisblaðsins var að sýna fram á raunverulegan launakostnað NPA aðstoðarfólks og hver framlæg sveitarfélaga til launakostnaðar þyrftu að vera til þess að notendur gætu staðið við skuldbindingar sínar gagnvart því. Minnisblaðið var sent út til þeirra sveitarfélaga sem NPA miðstöðin hefur verið í samstarfi við til þess að opna á samtalið um hækkun framlagsins.

NPA miðstöðin þyrfti að fylgja minnisblaðinu eftir með kröfubréfum og fundum með sveitarfélögum, en flest sveitarfélög greiða nú samkvæmt töxtum sem reiknaðir eru út frá réttum kjarasamningi NPA aðstoðarfólks. Hins vegar eru margvísleg réttindi sem enn standa út af borðinu í NPA. Miðstöðin hefur meðal annars barist fyrir rétti NPA notenda fyrir viðbótarframlagi í NPA samninga vegna aðstoðar við verkstjórn og sérfræðikostnað. Þá hafa nokkrir notendur þörf fyrir fjölþættan stuðning og þjónustu, en löggjöfin gerir ráð fyrir að útfærð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir viðkomandi einstaklinga. Hins vegar hafa slíkar þjónustuáætlanir ekki verið útfærðar fyrir fjölda einstaklinga sem fyrrgreind stuðnings- og þjónustubörf á við um.

NPA miðstöðin hefur nú þegar aðstoðað nokkra félagsmenn við að kæra niðurstöður sveitarfélaga sem varðar þjónustu þeirra, ýmist innan sveitarfélaganna eða til úrskurðarnefndar velferðarmála. NPA miðstöðin sér fram á að geta veitt þessa þjónustu í auknum mæli á næstu misserum, enda mikilvægt að sveitarfélög fái aðhald við innleiðingu þessara réttinda.

1.13 Kjaraviðræður við Eflingu

NPA miðstöðin sá fram á að á árinu 2019 yrði samið um nýjan sérkjarasamning við Eflingu vegna NPA aðstoðarfólks. Þegar NPA miðstöðin leitaðist við að endurnýja kjarasamninginn við Eflingu í júní 2019 var ákveðið að fresta samningsgerðinni þar sem nefnd var þegar að störfum sem átti að skila tillögum að starfsumhverfi og starfsskilyrðum NPA aðstoðarfólks til frambúðar. Því voru launatöflur NPA aðstoðarfólks eingöngu uppfærðar.

Næstu kjarasamningshækkunar áttu að eiga sér stað þann 1. apríl 2020 samkvæmt almennum kjarasamningum. NPA miðstöðin leitaðist því aftur eftir því við Eflingu að hækka launataxta NPA aðstoðarfólks á meðan beðið væri eftir niðurstöðu nefndar um starfsumhverfi NPA aðstoðarfólks, en sú vinna hafði tafist. Þá óskaði Efling hins vegar eftir því að gerður yrði nýr sérkjarasamningur við NPA miðstöðina um NPA aðstoðarfólk, þrátt fyrir að niðurstaða nefndarinnar lægi ekki fyrir.

Fyrsti fundur samninganefndar NPA miðstöðvarinnar og Eflingar átti sér stað í júní 2020, en á fundinum lagði Efling fram kröfugerð sína. Ljóst er að fyrir dyrum stendur nokkur vinna við að útfæra nýjan sérkjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk, en fyrirséð er einnig að samningurinn verður talsvert ítarlegri en sá sem fyrir er.

1.14 Vinnan framundan

Stór verkefni bíða stjórnar NPA miðstöðvarinnar á næsta starfstímabili. Fyrir dyrum stendur endurnýjun sérkjarasamnings NPA miðstöðvarinnar við Eflingu/SGS og eru viðræður þegar hafnar.

Móta þarf fræðsluáætlun fyrir næsta starfsár, en mun meiri áherslu þarf að leggja á fræðslu og námskeið á vegum NPA miðstöðvarinnar.

Innleiðing á Salesforce og Tímon mun fela í sér byltingu í þjónustu NPA miðstöðvarinnar við félagsfólk og mikilvægt er að sú innleiðing gangi vel.

Sem fyrr mun reyna á NPA miðstöðina að taka á móti nýjum félagsmönnum og styðja við þá. Ætla má að á komandi starfstímabili bætist við allnokkrir nýir notendur sem ekki hafa verið með NPA samninga eða sambærilega þjónustu áður. Því mun reyna á stjórn og ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar að styðja við nýja notendur sem og þá sem fyrir eru og veita þeim góða þjónustu.

2 NPA MIÐSTÖÐIN

2.1 Félagsmenn NPA miðstöðvarinnar

Fjölgun félagsfólks NPA miðstöðvarinnar heldur áfram og hefur NPA miðstöðin aldrei verið stærri. Á aðalfundi miðstöðvarinnar þann 1. júní 2019 voru eigendur miðstöðvarinnar samtals 31. Á aðalfundinum nú, þann 16. júní 2020, eru eigendurnir orðnir 45 talsins.

Af félagsfólki NPA miðstöðvarinnar eru fimm með beingreiðslusamninga, en þjónusta vegna slíkra samninga fer fram með sama hætti hjá miðstöðinni og NPA samningar með tilliti til umsýslunnar. Félagstofk með beingreiðslusamninganýtur sömu réttinda hjá miðstöðinni og notendur með NPA samninga. Hinir 40 eru með NPA samninga.

2.2 Félagfundir

Fjórir félagfundir voru haldnir á liðnu starfstímabili. Sá fyrsti var haldinn þann 20. júní 2019 og var efni fundarins að ræða álitamál varðandi kjaramál NPA aðstoðarfólks og áherslur í komandi kjaraviðræðum.

Annar félagfundur var haldinn þann 31. október 2019 en á þeim fundi voru kynnt áform um flutninga NPA miðstöðvarinnar í Urðarhvarf og einnig leitast eftir tillögum og hugmyndum frá félagsfólki sem veganesti varðandi nýjan hönnunarstaðal NPA miðstöðvarinnar.

Þriðji félagfundur miðstöðvarinnar var haldinn þann 5. febrúar 2020. Til efni fundarins var að taka til umræðu álitamál sem snúa að starfsmannakostnaði, en nýjar leiðbeiningar Velferðarráðuneytisins gera ráð fyrir uppgjöri á starfsmannakostnaði, sem er nýbreytni.

Fjórdi félagfundur NPA miðstöðvarinnar var haldinn þann 26. maí. Á þeim fundi var nýtt einkennismerki og nýr hönnunarstaðall NPA miðstöðvarinnar kynntur fyrir félagsfólki og samþykktur. Merkið verður formlega tekið í notkun sama dag og aðalfundur NPA miðstöðvarinnar fer fram þann 16. júní 2020.

2.3 Þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks og NPA notendur/félagsmenn

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll einhverju þjónustusvæði sveitarfélags eða sveitarfélaga vegna þjónustu þeirra við fatlað fólk. Félagstofk NPA miðstöðvarinnar, 45 að tölu, skiptast niður á 10 þjónustusvæði; Reykjavík, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ (þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósahrepps), Árborg (þjónustusvæði Bergisans), Ísafjarðarbæ, sveitarfélagið Skagafjörð, Dalvíkurbyggð (þjónustusvæði Norðurlands vestra) og Akureyri.

2.4 Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Í lok maí 2020 gegndu 181 einstaklingar stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsfólki NPA miðstöðvarinnar í mismunandi starfshlutföllum.

2.5 Stjórn

Á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 27. maí 2017 voru gerðar breytingar á samþykktum miðstöðvarinnar hvað varðar stjórn félagsins. Aðalmönnum í stjórn var fækkað úr fimm í þrjá, en varamenn eru áfram þrír þar sem lög um samvinnufélög gera ráð fyrir að þeir séu ekki færri. Á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar á árinu 2020 mun liggja fyrir tillaga um breytingar á samþykktum miðstöðvarinnar þess efnis að stjórnarmönnum verði fjölgað í fimm á nýjan leik.

Á aðalfundinum NPA miðstöðvarinnar þann 1. júní 2019 voru eftirfarandi kjörin í stjórn. Viðkomandi einstaklingar skiptu með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum nýkjörinnar stjórnar, þann 16. júní 2020 sem hér segir:

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður.
- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri.
- Þorsteinn Sturla Gunnarsson, ritari.

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, 1. varamaður.
- Halldóra Bjarnadóttir, 2. varamaður.
- Anna Sigríður Sigurðardóttir, 3. varamaður.

2.5.1 Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu frá kjöri stjórnar árið 2019-2020 voru haldnir tíu stjórnarfundir, þ.e. fimm á árinu 2019 og aðrir fimm hafa verið haldnir á árinu 2020.

2.6 Starfsemi skrifstofu NPA miðstöðvarinnar

Umsvifin á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar hafa aukist umtalsvert á liðnu ári, líkt og áður hefur verið greint frá og voru ráðnir inn fjórir nýir starfsmenn. Starfsfólk skrifstofu NPA miðstöðvarinnar telur því við aðalfund árið 2020 samtals níu. Stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur einnig tekið virkan þátt í daglegu starfi miðstöðvarinnar.

Starfsfólk skrifstofu er sem hér segir:

- Hjörtur Örn Eysteinnsson, framkvæmdastjóri.
- Silja Ástþórsdóttir, verkefnastjóri.
- Sigurdís Rós Jóhannsdóttir, launafulltrúi/bókari.
- Regína Þorvaldsdóttir, launafulltrúi/bókari.

- Anna Guðrún Sigurðardóttir, ráðgjafi (*í veikindaleyfi*).
- Andri Valgeirsson, ráðgjafi.
- Elín Ýr Arnar Hafðísardóttir, ráðgjafi.
- Pála Kristín Bergsveinsdóttir, ráðgjafi.
- Vigdís Th. Finnbogadóttir, ráðgjafi og fræðslustjóri.

NPA miðstöðin rekur nú starfsemi sína í skrifstofuhúsnæði í Urðarhvarfi 8 í Kópavogi, en miðstöðin flutti starfsemi sína þangað úr Hátúni 12 í byrjun apríl á þessu ári, eins og fyrr hefur komið fram. Húsnæðið er um það bil 650m². að stærð og er staðsett á 2. hæð í A-hluta hússins (vestur enda). Sá hluti hússins hýsir einnig starfsemi Orkuhússins, en að Orkuhúsinu standa þrjú fyrirtæki sem sérhæfa sig í stoðkerfisvandamálum og reka læknamistöð, sjúkraþjálfun og myndatöku.

Húsnæði NPA miðstöðvarinnar er mjög aðgengilegt fyrir hreyfihamlað fólk, og þrátt fyrir að vera á 2. hæð er hægt að ganga beint inn í rými miðstöðvarinnar frá bílastæði, einnig beint úr bílskýli. Lyftur eru þó einnig í húsinu. Inngangar að húsnæðinu eru sjálfvirkir og opnast sjálfkrafa fyrir gestum. Félagsfólk getur nýtt sér húsnæði miðstöðvarinnar til þess að halda starfsmannafundi, taka starfsmanna- og/ eða atvinnuviðtöl. Enn fremur getur félagsfólk nýtt sér miðstöðina sem vinnuástöðu til þess að halda utan um og skipuleggja sína notendastýrðu persónulegu aðstoð. Í húsnæðinu eru rafknúin borð sem hægt er að hæðarstilla, stólar og sófar, rými sem hægt er að loka, tölvuskjáiir og sjónvarpsskjáiir, fundarborð, tölvubúnaður, prentarar o.fl. ásamt starfsfólki sem er reiðubúið að aðstoða og veita þjónustu. Þá er einnig hægt að nýta húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðlustarfsemi eða námskeið. Tæknibúnaður miðstöðvarinnar gerir það enn frekar að verkum að unnt er að vera með fjarfundi í hljóði og mynd.

2.7 Rekstur og fjárhagur

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktu miðstöðvarinnar, sem hljóðar svo: „*Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfseminni.*“

Hagnaður, 22 millj. kr., varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2019, en hagnaðurinn var fyrirsjáanlegur með hliðsjón af umfangi og miklum vexti starfseminnar á síðasta ári. Fjölgun félagsmanna hefur m.a. gert NPA miðstöðinni kleift að fjölga starfsfólki á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar og flytja starfsemi miðstöðvarinnar í nýtt húsnæði. Hagnaður NPA miðstöðvarinnar verður nýttur til þess að efla þjónustu, fræðslu og ráðgjöf og styrkja rekstur og stöðu NPA miðstöðvarinnar.

Eigið fé félagsins nam 50,8 millj. kr. árslok skv. efnahagsreikningi.

2.8 Vefur NPA miðstöðvar og samfélagsmiðlar

Vefur NPA miðstöðvarinnar hefur að geyma lykilupplýsingar um miðstöðina, hlutverk hennar og starfsemi. Á liðnum árum hefur miðstöðin reitt sig á miðlun upplýsinga í gegnum samfélagsmiðla frekar en í gegnum heimasíðuna, enda er bæði auðvelt og aðgengilegt að koma upplýsingum á framfæri þar við lykilhópa. NPA miðstöðin hefur verið virk og sýnileg á samfélagsmiðlum og meðal annars notað Facebook til þess að auglýsa starfsemi sína og vekja athygli á mikilvægum málum með kostuðum auglýsingum.

Lengi hefur þó staðið til að uppfæra heimasíðu NPA miðstöðvarinnar og er sú vinna komin töluvert á veg. Nýr vefur NPA miðstöðvarinnar ásamt vefsíðu með verkstjórnendahandbók miðstöðvarinnar mun því væntanlega verða tekin í notkun innan tíðar.

2.9 Þjónusta NPA miðstöðvarinnar

Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar aðstoða félagsfólk við að útbúa vakta- og viðveruáætlanir, auglýsa eftir aðstoðarfólki, taka atvinnuviðtöl og veita ráðgjöf varðandi ráðningamál, uppsagnir, samningamál o.fl. Þá veita ráðgjafar miðstöðvarinnar einnig ráðgjöf varðandi kjarasamninga, útreikninga á launakostnaði og allt annað sem tengist framkvæmd NPA. Aðilar sem eru áhugasamir um NPA geta jafnframt leitað til ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar til að fá upplýsingar um NPA, réttindi til NPA og hvernig sótt er um NPA svo dæmi séu tekin.

Félagsfólki miðstöðvarinnar stendur einnig til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra NPA miðstöðvarinnar varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og kærumálum. Sá þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar er afar mikilvægur til þess að tryggja að félagsfólk fái notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð skv. lögum.

Frá áramótum 2019 hefur NPA miðstöðin alfarið séð um alla launa- og bókhaldsvinnu miðstöðvarinnar innanhúss. Unnið hefur verið að því að færa þessa vinnu frá aðkeyptri þjónustu í skrefum allt frá árinu 2017, en Cilian ehf. höfðu annast þá vinnu fyrir miðstöðina. Í dag starfa tveir launafulltrúar/bókarar hjá NPA miðstöðinni sem geta annast allt bókhald og launavinnslu fyrir miðstöðina, sem orðin er æði umfangsmikil í takt við fjölgun félagsfólks. Með innleiðingu tímaskráningarkerfis mun þó umfang launavinnslu að líkindum minnka, þar sem unnt verður að lesa upplýsingar úr kerfinu beint inn í bókhaldskerfi í stað þess að slá upplýsingarnar inn handvirkt eins og nú er gert. Kerfið mun jafnframt gera félagsfólki miðstöðvarinnar hægar um að skipuleggja og fylgjast með eigin fjármunum í NPA, þ.e. mögulegt verður að sjá hver heildarkostnaður við aðstoðina er hár í hverjum mánuði og hver staðan á samningi viðkomandi er á þeim tímapunkti sem félagsfólki hugnast að fara yfir sína stöðu.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og fjölmörgum samstarfsaðilum ríkis, sveitarfélaga, stéttarfélaga, annarra hagsmunaaðila og einstaklinga fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.